

Verjum grunnildi ÍRA á aðalfundi

Af góðum hug, en blindu á þau gildi sem hafa skilað amatörhreyfingunni óviðjafnanlegum réttindum, liggja stórlega varasamar tillögur um lagabreytingu fyrir komandi aðalfundi. Hér er átt við tillögur númer 2 og 3 í skjalinu [IRA_2015_Lagabreytingar_TF3GL](#). Hægt er opna skjalið hér með því að smella vinstri músarhnappi, gjarnan meðan Ctrl er haldið niðri. Hér verður fjallað um helstu atriði í þessum tillögum.

Ný 10. grein

Í tillögu að nýrri 10. grein segir meðal annars: "*Stjórn og nefndir ÍRA skulu ávallt túlka lög og reglur um radióáhugamenn sem víðast og vinna að því að þær verði rýmkaðar þar sem slíkt er mögulegt*". Enn fremur er kveðið á um að ÍRA veiti aldrei álit eða umsögn sem ekki styður hvers konar fyrirspurnir eða beiðnir einstakra amatöra. Náist ekki samkomulag við umsækjanda skal honum einum látið eftir að svara stjórnvöldum, og þar með í nafni hreyfingarinnar.

Verði þessi tillaga samþykkt hverfur ÍRA frá stefnu og vinnubrögðum sem ARRL og IARU mörkuðu fyrir tæpri öld og er enn í fullu gildi um víða veröld. Í stað þess að vinna traust yfirvalda sem málefnalegur talsmaður hreyfingar með langtíma hagsmuni *fjöldans* að leiðarljósi, á að setja sundurleita stundarhagsmuni *einstaklinga* á oddinn. Ekki á að gefa umsagnir í rökréttu samhengi við fyrri viðræður og málatilbúnað ef það hugnast ekki einhverjum.

Greinargerð með tillögu

Í greinargerð segir: "*Tillöguhöfundur telur nauðsynlegt að aftengja iðkun amatörradíós (innri leikreglur amatöra) frá túlkun lagarammans (opinberar kröfur)*". Á greinargerðinni má skilja að leikreglur í keppni o.þ.h. séu viðfangsefni radióamatöra, en hið opinbera sjái um lagaramma og tæknilega skilmála. Í því efni mun ÍRA glata trúverðugleika sem álitsgjafi ef tillagan nær fram að ganga.

Hafnað tvisvar áður

Tillaga til ályktunar á sömu nótum lá fyrir aðalfundi síðasta árs frá núverandi flutningsmanni. Henni var hafnað. Þá var óskað félagsfundar með vísan í 14. grein laga ÍRA, hann var haldinn 4. september 2014. Þar var efni núverandi tillögu að 10. gr. flutt í tvennu lagi. Fyrri hlutinn, um ávallt víða túlkun, féll naumlega. Síðari hlutinn, sem bindur hendur stjórnar, embættismanna og nefnda til umsagna, fékk 12 atkvæði, 23 voru á móti og 2 sátu hjá. Tillaga undirritaðs,

Félagsfundur ÍRA haldinn 4. september 2014 ályktar að með því að:

- 1) missa ekki sjónar af hagsmunum heildarinnar til lengri tíma*
- 2) standa undir trausti sem marktækur viðsemjandi og álitsgjafi leggi félagið grunn að þeirri skyldu sinni að "gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna",*

hlaut 28 atkvæði, 3 voru á móti og 5 sátu hjá. Hún var m.a. rökstudd með eftirfarandi skyggnusýningu: bit.ly/1B3WOJa.

(frh. á næstu síðu)

Ný 23. grein

Tillaga þess efnis að stjórn verði skylt að boða án tafar til aukaaðalfundar og kosninga ef 18 félagar hið minnsta æskja þess, er einungis til þess fallin að mikill minnihluti í félaginu geti haldið stjórn í gíslingu. Í núverandi 14. og 15. grein eru hæfileg ákvæði sem tryggja aðkomu félagsmanna að málum milli aðalfunda. Í 17. grein er varnagli sem tryggir að aðalfundir dragist ekki úr hömlu.

Allir þeir sem láta sig grunngildi amatörhreyfingarinnar varða eru hvattir til að mæta á komandi aðalfund í sal Taflfélags Reykjavíkur, Faxafeni 12, núna fimmtudaginn 11. júní kl. 20.

73, Villi TF3DX

Tilvísanir

Tillögur fyrir aðalfund 2015

<http://ira.is/pages/viewpage.action?pageId=15762078>

Lög ÍRA

<http://ira.is/pages/viewpage.action?pageId=360547>

Gögn frá fundi 4. september

<http://ira.is/display/web/Eftir+fundinn+040914>